

Grindavíkurbær
Ingvar Þór Gunnlaugsson,
forstöðumaður
Víkurbraut 62
240 Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. desember 2012
Tilvísun: UST20121100051/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2010 – 2030. Skipulags- og matslýsing

Vísað er til erindis forstöðumanns tæknideildar Grindavíkurbæjar er barst 9. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skipulags – og matslýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2010 – 2030.

Breytingartillagan felur í sér lagningu affallslagnar frá niðurdælingarsvæði vestan við Þorbjörn og til sjávar. Einnig felur breytingartillagan í sér að landnotkunarflokkar á miðbæjarsvæðinu breytast og legu gatna er breytt á miðbæjarsvæði Grindavíkur.

Affallslögn

Breytingartillagan sem lýsingin fjallar um felur í sér að affallslögn alls 4,5 km kemur til með að liggja frá niðurdælingaveitu Svartsengisvirkjunar til útrásar í Arfadalsvík. Í ofangreindri skipulagslýsingu kemur fram að þegar lagnaleið var valin hafi verið haft í huga að hún væri sem styst og að hún komi til með liggja eftir þegar röskuðu svæði eins og kostur er. Einnig mun lögnin samkvæmt tillögunni liggja um svæði á náttúruminjaskrá og nútímahraun. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að það komi skýrt fram í umhverfiskýrslu um hvernig land lögnin komi til með að fara um á hverjum stað.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ljósi þess hve niðurdæling hefur gengið erfiðlega, einnig mikilvægt að fram komi viðbragðsáætlun við því ef lögnin myndi stíflast eða rofna og 100 – 150 kg/s af 85 °C heitu vatni færi út í umhverfið. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fram komi hvernig niðurdælingu/neyðarlosun yrði sinnt ef slíkt gerðist.

Þar sem fram kemur í matsskyldufyrirspurn vegna framkvæmdarinnar að affallsvatnið geti leitt til þess að uppsöfnun þungmálma verði í lífríki nærri fráveitunni þá telur Umhverfisstofnun mikilvægt að skýrt komi fram í umhverfiskýrslu þau mörk sem miða skal við ef fara þarf í að þynna umræddan affallsvökva.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að hafin sé vöktun á lífríki í sjó á útrásarsvæðinu í Arfadalsvík svo til séu upplýsingar um grunnástand svæðisins frá því áður en útrás hefst. Einnig þarf að koma fram í umhverfisskýrslu hvaða mótvægisáðgerðir eru áætlaðar til að minnka áhrif útfellinga.


Niðurstaða


Í ljósi þess hve erfitt hefur reynst fyrir HS orku og Bláa Lónið að stýra affallsvatni á svæðum sínum og sífellt hefur flætt meir og meir vatn um hraunin umhverfis Bláa Lónið ásamt því að Orkustofnun kallar á skýringu á því hvers vegna frumorkunýting fyrirtækisins sé meiri en gert hafi verið ráð fyrir í umsókn um virkjanaleyfi fyrir Orkuver 6 í Svartsengi, þá telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að settar verði skorður við affallsmagni og allri starfsemi fylgjandi affallslögn svo hægt sé að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum eins og kostur er.

Miðbæjarsvæði

Í ofangreindri skipulagslýsingu kemur einnig fram að áformað er að fara í breytingar á miðbæjarsvæði Grindavíkur. Áætlað er að rífa núverandi byggð og endurbyggja á reit á miðbæjarsvæði Grindavíkur sem afmarkast af Víkurbraut, Króki og Ránargötu. Að mati Umhverfisstofnunar er það mikið inngrip í bæjarmynd Grindavíkur að áætla að rífa 1170 fermetra af húsnaði og byggja á sama svæði yfir 7000 fermetra. Umhverfisstofnun bendir á að á lista yfir þau viðmið sem stuðst verður við, við vinnslu tillögu að breyttu aðalskipulagi Grindavíkur 2010 – 2030, mætti bæta við eftirfarandi: Menningarstefna í mannvirkjagerð Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

